

sagði Jón. „Eg hefi séð menn fara á höfuðið fyrir eintóma samvinnu.“

„Samt verður enginn búskapur í sveitinni, fyrr en menn læra að vinna saman. Úlfúð og flokkadráttur og nágranna krittur, sem oft verður að hatri, er verra átumein í búskap manna en harðindi, heyskortur og lambamissir. Eg er sannfærður um, að fleiri flytjast búferlum héðan til Vesturheims af þeirri ástæðu en nokkurri annarri. Það er ekki að búast við, að mönnum þyki þar gott að vera, sem hver vill skó niður af öðrum. Hér virðast margir kreppa hver að annars hag og meiða mannorð hvers annars eftir mætti. Öfund og tortrygni urra og gelta á hverjum bæ. Hér er alt annað en vistlegt.“

„Já, þeir fara héðan hver á fætur öðrum“, sagði Jón, og það var nokkur harðneskja í rómnum. „Þeir ætla sér að flýja þetta og öll harðindin hér heima. En svo flytja þeir harðindin með sér. Það eru fleiri sólskinsdagar og lengra sumar fyrir vestan. En ekki verður mikillar veðurbliðu vart í samkomulaginu. Það er fult af rifrildi og flokkadráttum. Blöð þeirra eru full af auvirðilegum sleggjudómum um menn og málefni. Þau sýnast helst til þess notuð að skeyta skapi sínu á öðrum. Það má nærri geta, hvernig samkomulag muni vera undir niðri, þar sem hatur og óvild logar eins upp úr og þar. Þess vegna sagði eg það, sem eg sagði áðan: Það þarf að leggja rækt við fleira en jarðepli og reynivið. Eg hræðist harðneskju íslenzkrar veðráttu; hún hefir bugað mig meir en flest annað. Samt hræðist eg illviðrishaminn í mannssálunum miklu meir.“

„Hvað skyldi annars af Íslendingum verða, þegar þeim er orðið ólíft saman að búa sökum ósamlyndis og illinda! Skyldi þeim ekki verða erfitt að flýja sjálfa sig? Sami skaplösturinn, sem